

2. nóvember 2015

2. fundur stjórnar Foreldrafélags Grunnskólans í Stykkishólmi

Í stöðu formanns hafði boðið sig fram Nadine Walter og í stöðu ritara höfðu boðið sig fram Laufey Bjarnadóttir og Þröstur Aðalbjarnarson. Þau voru samþykkt samhljóða í þessi embætti.

Nýkjörinn formaður setti fundinn. Lagt var til að allir fundarmenn kynntu sig og fyrir hvaða bekk þeir væru fulltrúar fyrir (sjá mætingalista). Laufey ritaði fundargerð.

Undirbúningur jólaföndurs var rætt, ákveða þarf dag sem ekki stangast á við dagsskrá tónlistarskólans. Niðurstaðan var að jólaföndur 1.-5. bekkjar verður þann 1. desember kl. 18:00 og 6.- 10. bekkjar þann 2. desember kl. 18:00. Kostnaður við jólaföndur verður hámark 1.000 kr/barn.

Á næsta fundi verður kynning frá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga. Ákveðið að næsti fundur verður 30. nóvember kl. 16:00 (með fyrirvara að fulltrúi Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga geti mætt þá).

Virkjuð verði fésbókarsíða fyrir stjórn foreldrafélagsins.

Rætt var um valgreiðslur og munu reglur þar að lútandi verða skoðaðar í samhengi við endurskoðun laga foreldrafélagsins í janúar.

Mælt var til að fundargerð verði send á alla foreldra við Grunnskólann.

Fleira ekki rætt. Fundargerð lesin og samþykkt.

Formaður sleit fundi.

Ritari Laufey Bjarnadóttir

Mæting á 2. fund Foreldrafélags Grunnskólans í Stykkishólmi:

Steinunn Magnúsdóttir

Þróstur Ingi Auðunsson

Wioletta Maszota

Hildur Vésteinsdóttir

Bogi Th. Bragason

Alda Leif Jónsdóttir

Þórhildur Eyþórsdóttir

Bergþór Smáráson

Þróstur Aðalbjarnarson

Laufey Bjarnadóttir

Anna Melsteð

Arnþór Þorsteinsson

Guðmunda Þ. Ragnarsdóttir

Nadine Walter